

Heimskringla

Published every Thursday by
The Viking Press Ltd., (Inc.)

Varð höfuðs í Canada og Bandaríkjunum (fyrir frá borgum).
Séð til landsins á milli af öllum höfuðs.
Allar borgir og stöðir á öllum höfuðs.
Séð til landsins á milli af öllum höfuðs.

RÖGNV. PÉTRSSON
Eigandi

H. B. SKAPTASON
Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 5171. Telephone Garry 4116

Enn skrifar Árni.

Flestum mun vera farið að finna einkennilegar allar þessar löngu greinar Árna Sveinssonar í Lög- og lítið aðga þekkingu manna á þeim málum, sem heit liggja fyrir kjósendum þessa fylkis á um þessar mundir. Greinarnar eru nú orðnar þrjár og allar um sama efni, — tilraun að rúla í óþverra sögum út af síðastliðnum kosningum í Gimli kjördæmi.

Gjörðum vér athugasemdir við þær tvær, sem komnar eru, og ætlum enn að gjöra lösum það til eftirlæti, að gegna honum, og athuga þetta síðasta málefni hans.

Er þá fyrst við þetta síðasta mál hans að athuga, að honum virðist vera mjög hughaldið, að seilast til vor. Virðist það vera aðalefni þessarar ritmáls, engu síður en hinnar næstu þar á undan. Ber hann altíð sama löminn yfir því, að vér höfum haft frammifarið hann útrúninga og rangfærslur. Í hverju þeir útrúningar eru lögnir, hefir hann ekki getað sýnt enn og mun aldrei geta sýnt. Í fyrstu greininni lét hann vera að vandlaeta um meðferð stjórnmanna, er yfir- stiga rétt takmörk. Hún ber að eins ábyrgð á sínum eigin skipunum.

Annar — það eru tvær hlíðar á öllum kærnum, er snerta atkvæðakaup, hvort sem þau eru gjörð með brennivini eða öðru. Það er hlíð þess, sem fyrir kaup stendur, og hlíð þess, sem sig sjálfan selur. Og nema því að eins, að einhver sé til, til að selja sig, er enginn til, til að kaupa. Má hver sem vill gjöra upp á milli þessara tveggja hlíða, hvor sé virðulegri.

En það er vort álit, að sá, sem selur sig, sé tilfalt manndómsminni og svindlalegri, en sá, sem kaupir. Sá, sem letur manngildi sitt, eða samfélagsins, sem sama er, fyrir brennivinskaup, er taplegur maður. Hann á það eitt skilið, að vera útskiðaður í yztu myrkur mannfyrirlitningar, fyrir smámensku sína og þá smán, sem hann veitir þjóð sinni. Ástað þess, að vera tekinn í fang og kjassaður, er karadur, einsog Argyle bóndinn er að bera sig til að gjöra.

Vér höfum enga meðlömun með honum, enga velpökun á honum, ekkert álit á honum. Vér álitum, að hann ætti að vera sviftur út kvæði og kjörrettindum, þangað til hann lærdi að fyrirverða sig fyrir sinn fyrri hugsunarhátt og athæfi. Það er því líklegt, að hann fyrsta undirbúið allar óstjórnar og síðerfisspillingar í þjóðfélaginu.

Þriðja — Báðir flokkar kjósenda notuðu sömu aðferðirnar til þess, að koma umsekjanda sínum að. Hefir því sá, sem undir varð, engan rétt til þess, að kvarta undan aðferðinni hjá hinum, því hann notaði hana líka. Vér höfum sögusagnir manna af því, er miklu voru kunnugri því en Árna Sveinsson, er sagnir sínar hefir frá Richardson og Tribune, er þar voru ekki nærri. Vér höfum í höndum eissvarin vottorð um það. Vér höldum því fram, að það sem ljótt er og hægt er að benda á í fari eins, sé einnig ljótt í fari hins, finnist það þar, hvort sem um flokka ræðir eða menn. Og það hafi enginn, sem telur sig hagsandi og sjálfsstæðan mann, rétt til þess að

notkur átylla að kveina og kvarta og var afsakanlegt. En svo var ekki. Syndin sigræði ekki, og sakleysið tapaði ekki. Álitum vér því best, að leiða þá sögu hjá sér, er að öllu þessu máli laut, því hvorki kjósendur eða sakjendur voru stórt að græða við það, að henni væri á lofti haldið. — En Árna og Löfgengi lýst það ekki. Mæga þau hafa sjálfa sér eins lengi og þau vilja, og þykjast hafa vak- ið máls á mætum hlut, en að leikslökum hefðu þau gjarnan mátt spyrja, og hvaða ósemnd þau getu dregið að lokum yfir þá, sem þau vildu hlífa. Því það er ekki fyrir vitnisburðarakort, að vér höfum ekki viljað tilfæra kera á móti kera, sem þau hafa borið fram, heldur, að vér litum stærra á virðingu vora og Hkr. en svo, að vér viljum ganga út í þess komar deilur. Sýnur það hvorttveggja í sem — kærneyti og heimsku, að hálka samt áfram, og treysta því, að almenningur fari nokkuð eftir öðrum eins þvættingi og stöðugt er borinn fram.

Það mega vera ókunnugir menn kosningamálum í Manitoba, sem trúá því, að pólitísku flokkarnir hér reyni ekki sitt ítrasta við hverja kosningu, heldur sé annar þeirra frábirtinn, að reyna annað en síðerfisslega brýning, meðan hin stúfylli alla kjósendur.

Attriðum þessum þremur, er vér höfum nú bent á, og vér tillætið um í fyrsta svari voru, hefir Árni ekki reynt að hrynda, í báðum þeim löngu bréfum til Lög- og lítið hefir samsíðan. Ekki getur hann heldur hrundið þeim.

Tvær síðustu greinarnar eru því samdar algjöreflega, utan við málefnið, og ræða ekki það, sem á milli bar í fyrstu.

Vér skulum telja þau upp aftur, svo líkt geti betur áttað sig á þeim: —

Fyrsta — Stjórnin ber ekki ábyrgð á gjörðum manna, er yfir- stiga rétt takmörk. Hún ber að eins ábyrgð á sínum eigin skipunum.

Annar — Það eru tvær hlíðar á öllum kærnum, er snerta atkvæðakaup, hvort sem þau eru gjörð með brennivini eða öðru. Það er hlíð þess, sem fyrir kaup stendur, og hlíð þess, sem sig sjálfan selur.

En það er vort álit, að sá, sem selur sig, sé tilfalt manndómsminni og svindlalegri, en sá, sem kaupir. Sá, sem letur manngildi sitt, eða samfélagsins, sem sama er, fyrir brennivinskaup, er taplegur maður. Hann á það eitt skilið, að vera útskiðaður í yztu myrkur mannfyrirlitningar, fyrir smámensku sína og þá smán, sem hann veitir þjóð sinni. Ástað þess, að vera tekinn í fang og kjassaður, er karadur, einsog Argyle bóndinn er að bera sig til að gjöra.

Vér höfum enga meðlömun með honum, enga velpökun á honum, ekkert álit á honum. Vér álitum, að hann ætti að vera sviftur út kvæði og kjörrettindum, þangað til hann lærdi að fyrirverða sig fyrir sinn fyrri hugsunarhátt og athæfi. Það er því líklegt, að hann fyrsta undirbúið allar óstjórnar og síðerfisspillingar í þjóðfélaginu.

Þriðja — Báðir flokkar kjósenda notuðu sömu aðferðirnar til þess, að koma umsekjanda sínum að. Hefir því sá, sem undir varð, engan rétt til þess, að kvarta undan aðferðinni hjá hinum, því hann notaði hana líka. Vér höfum sögusagnir manna af því, er miklu voru kunnugri því en Árna Sveinsson, er sagnir sínar hefir frá Richardson og Tribune, er þar voru ekki nærri. Vér höfum í höndum eissvarin vottorð um það. Vér höldum því fram, að það sem ljótt er og hægt er að benda á í fari eins, sé einnig ljótt í fari hins, finnist það þar, hvort sem um flokka ræðir eða menn. Og það hafi enginn, sem telur sig hagsandi og sjálfsstæðan mann, rétt til þess að

lofa það hjá öðrum, sem hann lastar hjá hinum, né hvetja menn til að fylgja öðrum af því breytni hans í því efni sé afsakanleg, en ósejka hinna.

Það er breint og beint út sagt, að vér þerum mjög litla virðingu fyrir þeirri kosninga-áferð, sem margt oft eru notuð, í ótal tilfellum, af báðum flokkum. En vér höfum aldrei getað séð, að í því hafi annar flokkurinn yfirburði yfir hinn, og höfum vér þó verið staddir hér í landi yfir aðmörk ár og séð ýmsa bera sigur úr þýtum. — En vér höfum heldur ekki getað lokað augnum fyrir því, að aðferðin er ávallt kjósendum að kenna. Ef það er satt, sem þingmenn þessa fylkis hafa margt oft sagt oss, að það kosti um \$5,000 að sakja um kosningu hér, þá sýnir það sig sjálft, hvornig kjósendur eru, margir hverjir, innan ríja. Engan langar til, að leggja út \$5,000 og hljóta að launum \$1,000 árslaun eða mæna. En kjósendurnir heimta það. Þeir eru ekki að hugsa um, hvort þeir eru að kjósa menn, sem ætla svo að gefa burtu réttindi þjóðarinnar og landsjóðinn að auk í 15 ár, einsog gjört var 1904 í Grand Trunk málinu sála, — eða þeir eru að kjósa menn, sem vilja leggja landsjóðinn í umbætur landinu sjálfu, með vegagjörð og óþinberum stofnum. Þeir vilja fá eitthvað fyrir snúð sinn, — brennivín, peninga, — eitthvað, sem hönd og tónn getur fest á. En svo á eftir — seinna — eru þeir til með að hafa sig sam- an strax og einhver Árni lemur hross-skinnið, og halda tára- mót yfir spillingu landsins, stjórnmanna og þjóðarinnar.

Það er maske synd, að benda á þessa hlíð málsins, en jafnframt að benda á málefnið, sem fyrir liggja og sem aðskilja flokkana, sem um völdin eru að keppa. En sé það synd, þá er það sú synd, sem vér bæði þorum og ætlum að drýgja.

Vér höfum ekki álit, það skyldu vora né heldur samdar- auka nokkurn mann, að þurka ómennsku einstaklinganna í stjór- nina.

Attrið þessi þrjú, sem vér höfum nú áttur rífað upp, en sem vér bentum á strax í fyrstu at- hugasemd vorri við Árna, hefir hann ekki séð sér fært að ræða. Ekki hefir hann heldur mótmælt þeim. En líkingar vorar hefir hann tekið og heimfært upp á flokkin og sjálfan sig, og gefum vér honum fulla heimild til þess, ef hann vill, án þess þó að veita honum rétt til þess, að bera oss fyrir þeim nafnagiftum. Sannar- lega hefði hvílt á honum skyldan, að koma með nöfn þeirra, sem seldu atkvæði sitt Conservativum fyrir brennivín, einsog vér báðum hann að gjöra, fyrst hann kom með þá ásköpun, ef hann hefði vil- jað láta orð sín vera að marka, eða tekið væri mark á þeim. En til þessa hefir hann ekki gjört það, og ótrúlegt, að honum vinnist hægð á því heðan af. Hann neitar, að taka vitnisburð merkra íslend- inga trúanlegan, er vér áttum tal við um þetta efni, norðan úr Síglnes og Narrows byggum, frá Hnausum og Árborg, og telur þar hafa verið farið í gettarhús að leita sér ullar. Hvaða rétt hefir hann til, að neita sannleiksgildi orða þeirra manna, er sjálfir voru á kjörstöðunum og vissu hvað fram fór?

Hann vitnar í þess stað í sögu- sögn um Mr. Ross J. Adams, sem hann kallar (sem raunar ekki er til), en á að vera Adam E. Ross, að hann hafi lokað kjósenda \$25.00 fyrir að kjósa Taylor, vett vin á veitingahúsi á Gimli- og hampað þar handjárninn, óstrv. Þessi sami maður, er alt þetta á að hafa gjört, hefir unnið eiss á því, að hann þafi ekki til Gimli komið í síðast- litið 25 ár! Maður þessi á heiminn út í Virden og hefir óflek- að mannorð, þrátt fyrir sakar- áburð Árna. En ósannindi þessi hefir Árni fengið frá Free-Press eða Tribune, er bæði fluttu þessa skáldsögu.

Sama er að segja um tilvitnan- hans í framferði einhvers fundar, er haldinn átti að hafa verið 11. maí í fyrsta, undir unsjón Mr. Lauzon. Er saga sú öll úr lagi færið og uppspuni einsog hún er "ritin af herra Árna".

Tilraun hans að ná til vor, og sakir þar, sem hann ber á oss, eru ekki svara verðar, og má Löfgberg ljá þess háttar hafi, — ef því sýnist — og finst tilgangi sínum náð með því sem stjórnmálalaði. Að vér höfum farið í nafnagiftir verður teplega sannað rannfræðslulaust. — Vegna hvers hann leggur sig svo mjög fram um, að ná til vor kunnsum vér ekki skil á, því vér vitum ekki til, að vér höfum verið meinsendurinn hans í nokkurn hlut. En það munu flestir jata, að ávirðing verður oss aldrei með því gjör, hvað sem honum þóknast um oss að segja.

Samningur Bordens

við Canadian Northern járnbraut- arfélagið

Einhver stærsti viðburðurinn frá sjónarmiði alríkisins er samningur sá, sem Borden stjórnin í Ottawa hefir gjört við Canadian Northern járnbrautarfélagið. Lagði Mr. Borden fram áfrít þessa samnings fyr- ir þingið þann 28. apríl síðastl. og kom það svo til fyrstu umræðu þann 30.

Tilfni samningsins var það, að í vetur báru þeir fram beðni um styrk fyrir Canadian Northern járnbrautarfélagið Mackenzie og Mann, er aðaleigendur eru félags- ins. Var það ekki nein nýlundu, því brautir sínar hafa þeir bygt frá ári til árs á fé, er fylkin og ambandið hefir veitt, og láni, er þeir hafa fengið gegn skuldabréfum félagsins, sem fylkin og sambandið hafa ábyrgst. En nú á síðari árum hefir álit þjóðarinnar og hennar hagsýnustu manna nokkuð breytt í þessu efni. Með þessari fjárhags- tilhögun hefir þjóðin eiginlega bygt brautirnar, því það er þjóðarinnar ábyrgð á skuldabréfunum, sem gjört hefir það að verkum, að mögulegt var að selja þau og fá peninga áður en fyrirtækið var hafið, er tryggja átti lánið. Og því, sem lánið ekki hrökk til, bætti þjóðin við í beinum pening- num. En einskis hags hefir þjóðin notið fyrir allar þær gjafir, annars en að fá beinar samgöngur og greiða vegi inn á óbyrgðirnar, svo hægt yrði að nema þar land og fyrir fólk að komast þangað og setja sig þar niður.

Hafa nú megn lítið svo á í síð- ari tíð, að þetta væri ríkinu ekki sem hagskvæmst stefna. Fyrst og fremst er það, að það hefir enga hönd í bagga með ráðsmensku og stjórna þessara fyrirtækja, sem það ber þó alla fjárhagslegu ábyrgðina fyrir gagnvart lánveitendum. — Stjórn og ráðsmenska er öll í höndum hinna sjálfkjörnu forstöðu- manna, er hæglega geta svo mis- beitt valdi sínu, að þeir auðgi sjálfa sig, en láti fyrirtækin falla, og þá ábyrgðina skella á því opin- bera.

Í annan stað, sem sagt, þegar um jafnstór fyrirtæki ræðir, og sem landið kostar að öllu leyti, er það stórt vafamál, hvort það er ekki í alla staði rang- látt, að veita mönnum eignar- heimild skilyrðislausu yfir slíkum fyrirtækjum, er þeir að litlu eða engu levti kosta sjálfir.

Um þessi attrið hafa hagsræð- ar landsins verið að hugsa nú í síðari tíð. Og í sambandi við Can. Northern kemur það vel heima, því formenn þrautarinnar hafa komið upp brautarkerfi sínu með mjög litlum kostnaði úr eigin vasa. Landið hefir kostað þraut- ina, flutningurinn um landið er að borga fyrir hana og gjöra hana að arðsömu fyrirtæki. Alt þetta hefir gjörst á 14 árum.

Í fyrstu kom engum til hugar, að fyrirkomulag það, sem stjórn- inar höfðu á því að styrkja þraut- arfélag, væri varhugað. Hrit- volduga Canadian Pacific járn- brautarfélag var tekið upp á arma

rikisins, þegar það mynduðist fyr- ir þriðjungi aldar síðan og fengið ótakmarkað land til eignar og peningagjafir að auk, til þess að koma á braut frá hafi til hafs og tengja Skottfylkin miklu við Austur-Canada. Landið var því gefið, svo það gæti haft veð til að gefa fyrir lantökum sínum í Norðurland- unni, en peningarnir fengu til þess, að byggja með brautina. — Því, einsog líka var rétt, var minstur hluti gjörður, þótt braut- in væri fullgjörð, eftir var þá að kaupa alla vagna, byggja allar biðstödur, leggja fréttaþráð og þess háttar, — því þurfti að taka lánið, og fyrir lánið að hafa til veðis.

Alt gekk vel. Brautin var full- gjörð. Landið fór að byggjast, be- ir risu upp um Vesturlandið, og félagið fékk landgjafir sínar vel úti látnar. Brautin hafði orðið að til- ætludum notum, og öllum faust því fé hafa verið vel varið, er til brautarinnar gekk. Um það heyrð- urst lengi vel engar athugasemdir eða andmæli. Sumir trúðu því auk heldur, að forstöðumenn brautarfélagsins hefðu eiginlega gjört góðverk, og lagt aleigu sína í þetta fyrirtæki — eingöngu land- inu til gagns. Hefir það nokkurn sinnum heyrst, þegar á Strathcona lávarð hefir verið minst. En menn gleymdu því, hversu elnag þess- ara manna var háttáð. Þó þeir hefðu lagt aleigu sína í fyrirtækið, hefði það hrokkið skamt. Allir til samans höfðu þeir ekki yfir því fé að ráða, að hrokkið hefði til brautarlagningar frá enda stór- vatnanna inn til Winnipeg, — mik- ið síður, að þeir hefðu getað af eigin efnum lagt braut þvert yfir álfuna. En hvaðan kom þá hitt, er til brautarinnar fór? Að því var ekki spurt, en fólk var þak- látt fyrir að hafa fengið braut- ina.

Auðvitað kom hitt féð frá land- inu, frá þjóðinni, og í rauninni alt féð, því forstöðumenn félagsins seldu aldrei allar eigur sínar til þess að byggja brautina. En það er réttur tími fyrir stórkvæðing, að fá alt, sem þau æska frá þjóð- inu, meðan henni finst hún standa þakklætisskuld við þau. Enda var það ekki sparað.

Auk peningagjafanna og landa- gjafanna fékk félagið undanþágu allra skatta til hins opinbera á öllum sínum eignum afar langa tíð. Og ekki geldur það enn skatt af hinum miklu landlæmum, sem það á. Landið, sem því var upp- hállega gefið, var á stærð við hálf England. Hefir það nú selt mikinn hluta þess, og fyrir það hefir félag- ið fengið meira fé, en upphállega brautin kostaði. Þó á félagið svo miklið eltir, að Shaughnessy, for- maður félagsins, sagði árið sem leið, að þó félagið vildi tvöfalda höfuðstól sinn, án þess að bæta nokkru við, hefði það nógar eignir fyrir þeirri hækkun, þegar landið væri talið með járnbrautinni.

Þrátt fyrir alt, sem þjóðin gjörði fyrir Can. Pac. félagið, hefði þó hvorki hún eða þingið vald til þess, að setja félaginu tak- mark með flutningsgjald á dauðu eða lifandi. Þjóðin hafði gefið alt, sem félagið fór fram á, en gleymt, að áskilja sér nokkur réttindi í staðinn. Þetta sáu menn að hafi gleymt, er félagið eldist, en ó- seint var þá að krefja þeirra rétt- inda, er ekki hafði verið samið um í byrjun. Einnig orðu brautir fé- lagsins ófullnægjandi og ekki líkt því nógu margar til þess að koma flutningi og samgöngum í gott lag eftir því sem landið byggðist.

Það voru því mikil umskifti, þegar Can. Northern hóf göngu sína. Auðvitað tyrjaði það einsog Can. Pac. með að láta landið fá sér alt, sem þurfti með til þess að byggja brautina. Forgöngumenn- inir voru Wm. Mackenzie og Don- ald Mann, er verið höfðu verk- stjórnar um langan tíma við Can. Pacific brautina. Þeir voru elnagir vel, en engir auðmenn.

En nú var ekki hægt að fá það sama hjá fylkjnum og landinu í heild, einsog á döggum Can. Pac. félagsins, — alt skilmálalaust. Pen- inga og ábyrgð fyrir skuldabréfum

og land var enn hægt að fá, en ekkert án hindandi samnings. — Þjóðin var þeim að læra af yfir- gangi Can. Pac. félagsins, að slá ekki öllum rétti úr hendu sér. Og hún sá, að eftir alt saman, var þakklætisskuldin ekki eins stór og henni fannst í fyrstu. Hún hafði lagt alt til, féð, trygginguna og mannslífin, er kostað höfðu að koma brautinni yfir fjöll og fir- indi. Sumir höfðu orð á því, að eins vel hefði þjóðin mátt láta byggja alt sjálf, og svo eiga alt sjálf.

Can. Northern byrjaði tilveru sína fyrst hér í fylkinu, Mackenzie og Mann fengu stofnskrá hér fyrir að leggja brautir fram og aftur um fylkið. En það sagði skamt, það vantaði peninga og það vant- að eignir, er staðið getu veðs fyr- ir peningum, er til láns yrði fengin í atvöldum. Hvorugur þeirra félagi átti neitt, er nægt gat fyrir allri þeirri upphæð, er taka þurfti til láns til brautar fyr- irtækisins. Var þá leitað á nábir stjórnmennar.

Fóru þeir ekki ónleysu ferð. — Stjórnin ábyrgðist þeim sama sem peningana. Hún samþykkti með lög- um að brautir, væri hún lögð um fylkið þar sem hún skipaði fyrir skyldi gefa í hreinar tekjur sem svaraði 4 prósent af hverjum doll- ar, er til hennar færi, alt upp í \$8,000 á hverja mílu. Seinna var þetta \$2,000 við á hverja mílu fyrir vagna-kostnaði óstrv. Nú var tryggingin fengin betri en nokkurt land úti í óbyggðum, og gekk því treðulaust að selja skuldabréfin, er þessi ábyrgð stóð á bak við, En stjórnin krafðist meira. Hún á- skildi sér rétt til þess, að ráða flutningsgjaldi með brautinni, auð- vitað þó svo, að ekki mátti það vera lægra en það, að brautin gæfi af sér nauðsynlegar tekjur auk kostnaðar til þess að borga vexti- na, sem ábyrgðir voru. Þess ut- an tók stjórnin fyrsta veð í öllum brautum félagsins innan fylkisins, til þess, ef illa færi, að hún geti lagt höndur á eignir félagsins, ef hún yrði beðin að svara vöxtun- um, er hún hafði ábyrgst. Var þetta sá bezt samningur, er enn hafði verið gjörður við nokkurt járnbrautarfélag í landinu.

Síndist nú vera eins vel um hlutana þvíð og hægt var.

Félagið óx og dafnaði. Því var ekki ólíkt farið og orminum, sem legst á gullið. Því var fengið gull, og það lagðist á gullið og óx, og gullið með því, og bráðum tók það haus og sporður út yfir fylk- is-takmörk Manitoba.

Var þá gengið sömu leiðina. Og hér við fylkin bæði fyrir vestan og austan, nema hvað farið var nú fram á hærri ábyrgð fyrir vöxtum á meiri peninga-upphæð á hverju mílu en hér var. Saskatchewan fylkið gekk í ábyrgð fyrir \$15,000 á hverja mílu, Alberta sömuleiðis og British Columbia enn meiri upphæð (\$35,000), enda er þar kostnaðameira, að leggja brautir, Brautin hafði "gjört lukku", eins- og sagt var hjá Manitoba. — Flutningsgjaldið hafði verið fært niður, óbyrgð svæðið verið opnuð upp fyrir landmæna, alt fylkinu svo að segja að kostnaðarlæsum, því ekki hafði það þurft að leggja fram einn eyrir í vöxtu á ábyrgð- arbréfum brautarinnar.

En félagið, hött það virtist vera algjöreflega undir þumli fylkisstjórn- anna, fór von bráðar að vaxa út úr þeim hnefa. Það hélt ekki sama nafni í öllum fylkjnum, heldur nefndist "Canadian Northern", "Alberta", "Saskatchewan", "On- tario" eða "Pacific" félagið, eftir því, hvar það var, og hvert þetta féla- bar ekki ábyrgð á skuldum hús.

Auk þess mynduðust enn auka- leiðir út frá þessum, er héldu kola- nánum, fossum, sporbrautum í ýmsum bæjum í eigu sinni. Attu félagið þessi sömu mennirnir. Höfðu þeir látið arðinn af aðalfyrirtæk- inu ganga í þessar nýju félags- myndanir, er orðu þeirra privat- eignir, í stað þess, að halda áfram brautirgjörðinni og leggja arðinn í að fullkomna brautarkerfið. (Niðurlag næst).